

## Aðalfundur BSRB árið 2010

Aðalfundur BSRB var haldinn 15. október í BSRB húsinu að Grettisgötu 89 og hófst kl. 10:00. Þátttakendur voru samkvæmt meðfylgjandi lista.

Dagskrá:

1. Stefán Ólafsson prófessor – *Mikilvægi velferðarríkisins*
2. Fulltrúar LSR, LSS og SL greina frá stöðu sjóðanna
3. Aðalfundarstörf skv. 33. gr. laga BSRB
4. Önnur mál

**Elín Björg Jónsdóttir** formaður BSRB setti fundinn og lagði til að Þórveig Þormóðsdóttir yrði fundarstjóri og Jóhanna Þorgilsdóttir fundarritari. Samþykkt samhljóða.

### **1. Stefán Ólafsson prófessor - *Mikilvægi velferðarríkisins Er velferðarkerfið að drepa okkur?*** (Upplegg Stefáns voru fullyrðingar Ragnars Árnasonar prófessors á fundi hjá Samtökum atvinnulífsins í janúar sl. um að Íslendingar hefðu ekki efni á að reka velferðarkerfi af svipuðum gæðum og á hinum Norðurlöndunum. *Velferðarkerfið „er að drepa okkur“ sagði hann og bætti við „við verðum að skera niður“.*)

Í erindi sínu fjallaði Stefán Ólafsson um mikilvægi öflugs velferðarkerfis og sýndi tölulegar staðreyndir um að lífskjör fólks séu best þar sem velferðarkerfið er sterkast. Ísland er hvorki með óvenju stórt né óvenju dýrt velferðarríki í samanburði við önnur vestræn ríki. Frændþjóðir okkar á Norðurlöndum verja allar meiru en við til mála-flokksins en minnstur er munurinn á Norðmönnum og okkur í þessu sambandi. Íslendingar hafa því frekar litla byrði af velferðarkerfinu samanborið við grannríkin. Ekki verði velferðarkerfinu kennt um hrundið. Það mildar áhrif kreppunnar og ver lágtekjufólk og lífeyrisþega með lágur tekjur. Benti hann á að kjör lífeyrisþega og öryrkja hafa verið bætt og kjaraskerðing hefur verið minni hjá lífeyrisþegum en fólki á vinnumarkaði. Atvinnulausir eru þó verst settir. Lágtekjufólki hefur verið hlíft hvað skattbyrði varðar og þiggjendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga voru t.d. færri á árinu öllu í fyrra en árið 2003. Þó svo að atvinnuleysið sé í hærri hæðum nú en við höfum séð er það lág miðað við Evrópu

Þrjár helstu gerðir velferðarríkja eru: skandinavísk (jafnaðarmiðuð), engilsaxnesk (frjálshyggjumiðuð) og meginlandskerfin (þýsk fyrirmynd). Velferðarríkin norrænu veita almenningi bestu lífskjör í heimi. Fátækt og ójöfnuður eru minni, atvinnuleysið minna, barnafátækt mun minni og lífsgæði almennt í alla staði betri.

Stefán Ólafsson prófessor sagði að öflugt velferðarkerfi hafi mildað áhrif kreppunnar og valdið því að kreppan hitti Íslendinga ekki eins illa fyrir og aðrar þjóðir. Það ver lágtekjufólk, bætir kjör og þjónustu og veitir almenningi bestu kjör til lengri tíma. Frjálshyggjulönd standa langt að baki.

Stefán var spurður hvar Ísland stæði í röðinni sem velferðarríki og svaraði því til að við værum í 9. sæti. Spurður hvort réttara væri að skera niður í velferðarkerfinu eða hækka skatta til að mæta fjárþörf ríkisins sagði hann að þetta væru tveir ömurlegir kostir en taldi þó betra að hækka skatta tímabundið, hann væri þó ekki talsmaður skattahækkana. Hann benti þó á að Ísland væri langt frá því að vera með hæstu skattbyrði á Norðurlöndunum. Markmiðið sé að fá sem öflugast velferðarríki fyrir sem minnstan pening.

### **2. Fulltrúar LSR LSS og SL greina frá stöðu sjóðanna**

Haukur Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR), Sigurbjörn Sigurbjörnsson frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda (SL) og Jón G. Kristjánsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga (LSS) mættu á fundinn og gerðu grein fyrir stöðu lífeyrissjóðanna.

Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri LSR tók fyrstur til máls og fór yfir stöðuna. Helstu umfjöllunarefni voru: Staða LSR í árslok 2009. Kom þar fram að A-deild væri innan marka en huga þyrfti að framtíðinni, sem kallaði á aukið iðgjald frá launagreiðanda. Staða B-deildar væri verri, ef ríkið byrjar ekki að greiða inn aftur tæmist B-deilin um 2024. Þá fór hann yfir helstu tölur varðandi tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og sjóðsstreymi á næstu árum, umræðu um aldurstengingu sem ekki er lokið og lánin til sjóðsfélaga. Hvað lánin varðar kom fram að lán til sjóðsfélaga eru alls 14.391 lán, að fjárhæð 60,4 milljarðar kr. og eru einungis 0,43% í vanskilum. Ýmis úrræði eru í boði vegna greiðsluferfiðleika eða vanskila s.s. frystingar sem margir notfæra sér, greiðslujöfnun, skilmála og skuldbreytingar, sértæk greiðsluaðlögun og yfirtaka lána sem á við t.d. þegar einstaklingur situr uppi með tvær eignir.

Jón G. Kristjánsson framkvæmdastjóri LSS var næstur á mælendaskrá. Hann fór yfir þróunina hjá sjóðnum og benti jafnframt á heimasíðu sjóðsins varðandi ársreikning. Fram kom að fjöldi virkra sjóðsfélaga er um 21 þúsund og eru konur í meirihluta, nýliðun og vöxtur hafa verið töluverð undanfarið. Hrein eign sjóðsins í lok árs 2009 var rúm 41 m.kr. Lífeyrisgreiðslur pr. mán 2009 voru alls 716 og iðgjöld 2009 5.283 m.kr., svo eitthvað sé nefnt. Þá nefndi hann einnig að lífeyrissjóður Kópavogs hafi verið tekinn yfir í mars sl. og að stjórnir 10 stærstu lífeyrissjóðanna hefðu ákveðið að kaupa vinnu til að athuga hagkvæmni í að sameina þessa lífeyrissjóði og mun skýrsla þess efnis væntanleg innan skamms og verður þá kynnt.

Sigurbjörn Sigurbjörnsson framkvæmdastjóri hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda tók að lokum til máls. Hann greindi frá því að Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda væri óháður og ótengdur stéttarfélögum eða fjármálastofnunum og að hann væri sjóður sem skilar jafnri og traustri ávöxtun. Fór hann síðan yfir stöðu mála.

Réttindi sjóðsfélaga hafa verið traust sagði hann. Áunnin réttindi verða óbreytt en ákv. hefði verið að breyta réttindaávinnslu frá 1.1.2011, lækkar um 4,7%. Tryggingafræðileg staða í árslok var um -3,8%. Eignir sjóðsins í lok árs 2009 voru 67,2 m.a.kr. en í lok maí 2010 um 71 m.a.kr. Ávöxtun 2009 jákvæð 3,8% meðaltal lífeyrissjóða 2009 var 0,4%. Sigurbjörn nefndi einnig að þrjú lífeyrissjóðir hefðu sameinast SL á þessu ári og að lítil vanskil væru á sjóðsfélagalánnum. Að lokum sagði hann sjóðinn áfram myndu fylgja varfærinni fjárfestingarstefnu.

Nokkrar spurningar bárust til þeirra félaga s.s. um hvernig hugsanleg niðurfærsla skulda kæmi við lífeyrissjóðina og um skattlagningu séreignasparnaðar. Hugmyndir um niðurfellingar skulda eru ekki áhugaverðar að þeirra mati, það yrði mesta kjararýrnun þjóðarinnar. Hvað skattlagningu séreignasparnaðar varðar kemur sú skattlagning lítið við LSR. Þá var einnig spurt um það hvernig lífeyrissjóðinir hygðust verja sig þar sem stöðugt væri sótt að þeim og hvort einhver möguleiki væri á samráði við ríkið hvað vísitöluna varðar svo eitthvað sé nefnt.

### **3. Venjuleg aðalfundarstörf**

#### *a) Skýrsla stjórnar*

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, kynnti skýrslu stjórnar. Greindi hún m.a. frá áherslum stjórnar BSRB og nefndi í því sambandi mikilvægi þess að verja almannaþjónustuna, ný leiðarljós og verksvið BSRB sem stjórn BSRB hefur verið að vinna að og þjónustuhlutverk BSRB við aðildarfélögin. Nefndi hún síðan

hlutverk/verksvið framkvæmdanefndar sem m.a. er að framfylgja stefnu stjórnar, sjá um daglegan rekstur og undirbúning stjórnarfundar svo eitthvað sé nefnt. Þá fór hún yfir helstu verkefni skrifstofu BSRB og nefndi sem dæmi fundi í ráðuneytum, lestur frumvarpa og umsagnir um þau, verkefni vegna efnahagsástandsins, stuðning við aðildarfélögin og vef BSRB, en vefurinn verður alltaf mikilvægari upplýsingamiðill. Þá talaði hún um nefndarstarfið og mikilvægi þess. Að nefndir fengju hlutverkabréf og í einhverjum tilfellum verklagsreglur vegna mála sem þær fjalla um sbr. réttindanefnd. Þá kom hún inn á erlent samstarf bandalagsins áherslur og stefnu. Hvað erlent samstarf varðar væru stefna og áherslur bandalagsins til skoðunar en ljóst að áhersla yrði á norrænt samstarf. Um orlofsmálin sagði hún m.a. að sölufrelsi vegna húsanna í Stóruskógum væri hafið, rekstrarsamningur um þjónustumiðstöðina hefði verið gerður til eins árs, þjónustusamningur hefði verið gerður við ROM og að álíka samningur væri í vinnslu vegna ROE.

Hún minntist síðan á Menningarhátíð BSRB sl. vor sem var vel sótt og í alla staði mjög vel heppnuð. Þá greindi hún einnig frá samningahópum vegna ESB sem eru í gangi og á bandalagið fulltrúa í sjö hópum.

Að lokum ræddi Elín Björg um stöðuna í dag, niðurskurð ríkissjórnarinnar, uppsagnir og skerðingar á starfshlutfalli félagsmanna og stöðuna hjá sveitarfélögum landsins. Baráttan mun standa um velferðarkerfið sem er grunnur að réttlátu þjóðfélagi og sameign þjóðarinnar. Tækifærið væri nú að forgangsraða sameiginlegum verkefnum og byggja upp samfélag jöfnuðar og samhjálp. Í kjarasamingum sem framundan væru yrði tekist á um betra samfélag, að verja störf og efla kaupmátt og verja almannathjónustuna.

Engar umræður urðu um skýrsluna. Skýrslan var því borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Þórveig Þormóðsdóttir fundarstjóri las ályktanir sem taka átti fyrir síðar undir liðnum önnur mál

*b) Reikningar Aðalsjóðs BSRB og Eignasjóðs orlofsheimila BSRB.*

Drífa Valdimarsdóttir fjármálastjóri BSRB fór yfir helstu atriði reikninganna og vísast hér til framlagðra gagna á fundinum (*Aðalsjóður BSRB, Ársreikningur 2009, Eignasjóður orlofsheimila BSRB, Ársreikningur 2009*).

*c) Umræður og afgreiðsla reikninga Aðalsjóðs og Eignasjóðs orlofsheimila.*

Fundarstjóri gaf orðið laust um reikninga Aðalsjóðs. Engar fyrirspurnir komu vegna þeirra. Reikningar Aðalsjóðs voru samþykktir samhljóða. Varðandi Eignasjóð orlofsheimila kom fyrirspurn um LSR-lán, hvort ekki hefði átt að greiða þau upp og taldi fundarmaður það áhyggjuefni hvernig sjóðurinn stæði og hvernig skilið væri við hann. Fjármálastjóri skýrði frá því að nokkur félög væru ekki búin að ganga frá greiðslum og benti jafnframt á stjórnarsamþykkt frá febrúar 2009 þess efnis að gera ætti samning um greiðsluna við félögin og að möguleiki væri fyrir þau að greiða skuld vegna húsanna út árið 2011. Reikningar Eignasjóðs orlofsheimila voru samþykktir samhljóða.

*d) Reikningar Átaks- og vinnudeilusjóðs 2009.*

Drífa Valdimarsdóttir fjármálastjóri BSRB fór yfir reikninga sjóðsins og skýrði nánar og vísast hér til framlagðra gagna á fundinum (*Átaks og vinnudeilusjóður Ársreikningur 2009*).

- e) *Umræður og afgreiðsla reikninga Átaks og vinnudeilusjóðs 2009.*  
Fundarstjóri gaf orðið laust. Fundarmaður bað um skýringu á 40 m.kr. tapi 2008 og svaraði fjármálastjóri því til að skýringuna væri að finna í bankahruninu 2008 og tapi í peningamarkaðssjóðum sem voru í fjárvörslu hjá Landsbankanum. Reikningurinn var síðan samþykktur samhljóða.
- f) *Fjárhagsáætlun Aðalsjóðs 2011 og ákvörðun um aðildargjald.*  
Drífa Valdimarsdóttir fjármálastjóri BSRB fór yfir fjárhagsáætlun næsta starfsárs og skýringar þar að lútandi. Benti hún jafnframt á að fjárhagsáætlunin gerði ráð fyrir óbreyttri aðildargjaldsprósentu 0,32% og byggðu tölur á því. Vísast hér til framlagðra gagna á fundinum (*Aðalsjóður BSRB – Fjárhagsáætlun 2011*)  
Umræður: Óskað var eftir skýringum á málverkakaupum og upplýsti fjármálsjóri að hefð væri fyrir því að kaupa málverk af listamanni Menningarhátíðar BSRB sem haldin er ár hvert. Var fjárhagsáætlunin síðan borin undir fundarmenn og var hún samþykkt samhljóða.
- g) *Fjárhagsáætlun Eignasjóðs orlofsheimila 2011.*  
Drífa Valdimarsdóttir fjármálastjóri BSRB fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs auk skýringa. Vísast hér til framlagðra gagna á fundinum (*Eignasjóður orlofsheimila BSRB - Fjárhagsáætlun 2011*).  
Umræða varð um peninga sem Eignasjóður orlofsheimila á inni hjá Aðalsjóði og hvort féð væri notað til reksturs Aðalsjóðs. Fjármálasjóri svaraði því til að svo væri ekki heldur væru þeir þar í ávöxtun og nýttir til reksturs Eignasjóðs orlofsheimila. Þá var spurt um framtíðarrekstur sjóðsins og kom fram að gert er ráð fyrir að selja húsin í Stóruskógum og nota fjármagnið til reksturs sjóðsins í framtíðinni. Áætlun samþykkt samhljóða.
- h) *Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.*  
Borin var upp tillaga stjórnar um að aðalmenn yrðu Trausti Hermannsson og Áslaug Magnúsdóttir og til vara Birna S. Karlsdóttir og Gunnbjörn Marinósson. Tillagan var samþykkt samhljóða.
- i) *Kosning löggilts endurskoðanda.*  
Borin var upp tillaga stjórnar BSRB um Guðmund Óskarsson sem löggiltan endurskoðanda. Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### **4. Önnur mál**

Fundarsjóri gaf orðið laust. Engin mál komu fram og voru því álytanirnar teknar til umræðu. Fyrst var rætt um ályktunina - *Óþvinguð stéttarfélagsaðild*. Gerðar voru athugasemdir um orðalag ályktunarinnar. Breytingar gerðar og að því loknu las fundarsjóri upp endanlegan texta og ályktunin var samþykkt samhljóða. Seinni ályktunin - *Vegið að velferðinni* var því næst tekin til umræðu. Lýstu fundarmenn yfir áhyggjum sínum vegna lengdar hennar en kynningarfulltrúi sambandsins sannfærði fundarmenn um að þær væru óþarfar. Ályktunin því samþykkt samhljóða. Annað ekki til umræðu.

Að lokum þakkaði Elín Björg formaður BSRB fundarmönnum góðan fund og fundarstjóra og ritara og þakkaði starfsfólki BSRB fyrir góð störf við undirbúning aðalfundar. Minnst hún á hin krefjandi verkefni sem framundan væru og óskaði öllum góðs gengis. Sleit hún síðan fundi.

Fundi slitið kl. 14:20